

AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávar- og fiskeldisafurðum frá Kína.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn sjávar- og fiskeldisafurðir frá Kína sem nota á til manneldis eða sem dýrafóður.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að flytja inn sjávarafurðir sem eru ætlaðar til manneldis eða dýrafóðurs aðrar en þær sem taldar eru í 3. gr.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að flytja inn eftirtaldar sjávarafurðir sem eru ætlaðar til manneldis eða dýrafóðurs, að því tilskyldu að þeim fylgi yfirlýsing þar til bærra kínverskra yfirvalda um að á hverri sendingu hafi verið gert efnafræðilegt próf til að ganga úr skugga um að vörurnar séu ekki skaðlegar heilsu manna. Þetta próf skal einkum gert til að kanna leifar klóramfenikól og nítrófúrans og afleiðna af þeim efnum. Niðurstöður þessara prófa verða að fylgja sendingunni:

1. Fiskeldisafurðir.
2. Pillaða og/eða unna rækju.
3. Vatnakrabba af tegundinni *Procramburus clarkii*, sem veiðist í náttúrulegu ferskvatni.

4. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og til innleiðingar á ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins 2002/994/EB og síðari ákvörðunum sem breyta henni. Ákvörðunin tekur þegar gildi og frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 86, 11. febrúar 2003, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. júní 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða nr. 233, 30. mars 1999, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður sem verður 5. töluliður:

5. Fiskiskip undir 15 brúttótonnum skulu undanþegin þeirri skyldu að hafa samning við

faggilta skoðunarstofu. Fiskistofa annast eftirlit með því að þessi skip uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til hreinlætis, búnaðar og meðferðar afla samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 429/1992 um fyrirkomulag eftirlits með sjávarafurðum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. júní 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olúvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olúvара tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olúvörum er sem hér segir frá og með 1. júlí 2005 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,36 kr. á lítra
Gasolía	0,72 kr. á lítra
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,15 kr. á kg
Flugvélabensín	0,10 kr. á lítra
Flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,14 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olúvара skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olúvара.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 30. maí 2005.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.